



HRINGURINN

Reykjavík 8. mars 2014

Innilegar þakkir.

Það er okkur Hringskonum mikil ánægja að fá viðurkenningu BKR í ár á 110 ára afmæli Hringsins.

Eins og fram kemur á heimasíðu BKR þá halda konur í BKR merki formæðra sinna á lofti. Það er fróðlegt að fara aftur í tímann og rifja upp söguna.

Frú Kristín Vídalín Jacobson var stofnandi Hringsins og formaður og ástæða til að segja aðeins frá henni af þessu tilefni.

Hún ásamt fleiri kvenfélagskonum stóð að stofnun Bandalags kvenna í Reykjavík árið 1917. Við landskjör til Alþingis árið 1922 var boðinn fram sérstakur kvennalisti. Hér í Bandalagi kvenna í Reykjavík var stofnuð kosninganefnd og frú Kristín Vídalín var formaður hennar. Sá árangur varð í kosningunum að kona var í fyrsta skipti kosin á þing, Ingibjörg H. Bjarnason. Þetta er áhugavert í ljósi þess að 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna verður á næsta ári.

Hringskonur létu reisa Hressingarhæli í Kópavogi fyrir berklasjúklinga sem tók til starfa árið 1925. Hressingarhælið er fyrsta atvinnustarfsemin í Kópavogi. Til gamans má geta að íbúar í Kópavogi voru 4 árið 1924. Stuttu síðar tóku Hringskonur við Kópavogsbúinu og þar var framleitt hollt fæði fyrir sjúklingana. Kristín Vídalín Jacobson annaðist allt varðandi reksturinn bæði úti og inni. Hún réði starfsfólk á hressingarhælið og hún keypti kýr fyrir búíð svo dæmi séu nefnd. Ætli megi ekki segja að hún hafi verið framkvæmdastjóri búsinns og hressingarhælisins.

Frú Kristín kom að mörgum þjóðþrifamálum af dugnaði og skynsemi. Henni var lýst þannig að hún vissi hvað hún vildi og hafði festu til að framfylgja hugðarefnum sínum.

Árið 1942 varð breyting á markmiði Hringsins og ákveðið að hér skyldi reistur barnaspítali. Stuttu síðar féll frú Kristín frá eftir að hafa verið formaður Hringsins í tæp fjörutíu ár. Spítalinn reis allmörgum árum síðar eða árið 2003 og enn vinna Hringskonur af krafti að eflingu Barnaspítala Hringsins.

Kraftur og dugnaður frú Kristínar hefur skilað sér inn í starf okkar Hringskvenna.

Enn og aftur takk fyrir viðurkenninguna.

Valgerður Einarsdóttir
formaður Hringsins